



Akraneskaupstaður

# Bæjarstjórn - 1319

## FUNDARBOÐ

**1319. fundur bæjarstjórnar verður  
haldinn í fjarfundi, 13. október 2020 og hefst kl. 17:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2008210 - Áhrif FL kjarasamninga á starfsemi leikskóla**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 24. september sl. aukafjárveitingu til leikskóla Akraneskaupstaðar vegna aukins undirbúningstíma leikskólakennara samkvæmt nýjum kjarasamningi Félags leikskólakennara sem kemur til framkvæmdar þann 1. október nk.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 26. vegna þessa að heildarfjárhæð kr. 6.074.000 sem deilist niður á leikskólana fjóra. Ráðstöfuninni er mætt með lækkun rekstrarafgangs sem nemur umræddri fjárhæð.

Bæjarráð vísar viðaukanum til endanlegrar málsmeðferðar bæjarstjórnar Akraness.

**2. 2003227 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2020**

Bæjarráð samþykkti launaviðauka á fundi sínum þann 24. september sl. sem felur í sér ráðstöfun að fjárhæð kr. 77.023.000 vegna samþykktar nýrra kjarasamninga á árinu. Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

**3. 2009167 - Breytingar á samþykktum Brú lífeyrissjóðs**

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs þann 21. september voru lagðar fram tillögur að breytingum á réttindaákvæðum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Bæjarráð samþykkti breytinguna og vísaði til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

**4. 1912306 - Fráveita - viðauki**

Viðauki fráveitu var lagður fram á fundi bæjarráðs þann 10. september sl. Með viðaukanum er ábyrgð á álagningu og innheimtu tengigjalda færð til Veitna ohf. Ennfremur eru ákvæði um tengigjald fráveitu færð að þeim lagabreytingum sem orðið hafa.

Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi samningsdrög og vísaði málinu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn

**5. 2008126 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áfangi -Baugalundur 4 nýtingarhlutfall**

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnur úr 0,35 í 0,42. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Baugalund 1, 2, 6 og Blómalund 1 og 3. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**6. 2008164 - Deiliskipulag Skógahverfi 1. áfangi - Asparskógar 6**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að heimilað verði frávik í deiliskipulagi Skógahverfis 1. áfangi, varðandi lóð við Asparskóga 6 um að hluti íbúða þurfi ekki að vera gegnumgangandi sbr. grein 3.6 í greinargerð með skipulaginu.

Frávikið verði heimilað skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingarnar eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en lóðarhafa og Akraneskaupstaðar og teljast þær því óverulegar.

RS og GS samþykktu afgreiðslu málsins, ÓA sat hjá.

**7. 2009095 - Deiliskipulag Flóahverfi - Lækjarflói 10A**

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Lækjarflóa 10A var tekin fyrir í skipulags- og umhverfisráði þann 21. september sl. Breytingin felst í að stækka byggingarreit og er engin breyting á nýtingarhlutfalli lóðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin/frávikið verði heimilað í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**8. 2008223 - Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 4 - breyting á skilmálum**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gerð verði breyting á deiliskipulagi 4. áfangi Skógahverfis, sem felst í því að suðausturlóðamörk lóða nr. 1, 3 og 5 við Asparskóga verði færð um 4 m og verði við akbrautarkant. Með breytingunni verða bílastæði samsíða Asparskógum innan lóða en skv. skilmálum eru þau meðtalin í bílastæðapörf lóðanna. Kvöð verður á lóðunum um að Akraneskaupstaður leggi og viðhaldi gangstétt innan lóðanna meðfram Asparskógum skv. deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að ákvæðum deiliskipulags um hámarksvegghæð á lóðum nr. 1, 3, 5 og 7 verði breytt þannig að hámarksvegghæð húsa með einhalla þaki verði 7,5 m í stað 6,5 m en hámarkshæð bygginga, 9,1 m yfir gólfkóta 1. hæðar, er óbreytt. Skýringarmynd í skipulagsskilmálum verður uppfærð til samræmis. Veitt er undanþága um að svalagangar verði heimilaðir á lóð nr. 3 við Asparskóga. Breytingarnar eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en lóðarhafa og Akraneskaupstaðar og teljast þær því óverulegar. Lagt er til að farið verði með þær skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

RS og GS samþykktu afgreiðslu málsins, ÓA sat hjá.

**9. 2009133 - Aðalskipulag - breyting Hausthús**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst.

**10. 2009134 - Deiliskipulag Hausthús**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi skipulagslýsing verði auglýst.

**Fundargerðir til kynningar**

**11. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð**

141. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 23. september 2020.

142. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 2. október 2020.

143. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 6. október 2020.

**12. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð**

172. fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs frá 21. september 2020.

173. fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs frá 28. september 2020.

174. fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs frá 2. október 2020.

175. fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs frá 5. október 2020.

**13. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð**

3431. fundargerð bæjarráðs frá 24. september 2020.

**14. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð**

136. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 7. október 2020.

**15. 2002057 - Fundargerðir 2020 og tilkynningar - Samband íslenskra sveitarfélaga**

887. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. september 2020.

888. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. september 2020.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.